



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 42/2018

Afturköllun og sölubann á ENOX Safe-Kid-One krakka snjallúrum

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofa tók til meðferðar að eigin frumkvæði mál vegna s.n. öryggis snjallúra sem ætluð eru börnum. Um er að ræða almenna vöru en Neytendastofa hefur eftirlit með öryggi vöru samkvæmt lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Við eftirlit og skoðun Neytendastofu á sölusíðum netverslunarinnar www.hopkaup.is kom í ljós að Hópkaup (Wedo ehf.), hér eftir nefnt Hópkaup; hafi á heimasíðunni boðið til sölu ENOX Safe-Kid-One krakka snjallúr sem ætla mátti að uppfyllti ekki lagalegar kröfur (sjá mynd í fylgiskjali).

Með bréfi Neytendastofu til Hópkaupa, dags. 18. júlí 2018, var með vísan til laga nr. 134/1995 óskað eftir gögnum sem sýndu fram á að varan gæti talist örugg og tveimur sýnum af umræddum snjallúrum. Jafnframt var bent á að fullyrðingar við markaðssetningu vörunnar yrðu að uppfylla ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

2.

Þann 1. ágúst 2018 barst Neytendastofu tölvupóstur frá Hópkaup ásamt fylgigögnum. Neytendastofu bárust þann 2. ágúst 2018 tvö sýni af umræddum snjallúrum, annars vegar bleikt eintak og hins vegar blátt eintak.

Við nánari skoðun Neytendastofu á vörunni og með hliðsjón af ætluðu ósamræmi vörunnar við gildandi kröfur var það niðurstaða stofnunarinnar að ætla mætti að varan uppfyllti ekki grunnkröfur um almennt öryggi ákvæða laga sem gilda um fjarskiptatæki, sbr. lög nr. 81/2003 og laga um persónuvernd, sbr. lög nr. 90/2018. Á þeim grundvelli óskaði Neytendastofa eftir samstarfi við sérfræðinga Póst- og fjarskiptastofnunar og Persónuverndar sem veittu þannig sérfræðiaðstoð varðandi mat á eðli ósamræmis vörunnar við kröfur og mat á gögnum sem lögð voru fram í málinu til Neytendastofu.



Með tölvupósti, dags. 11. september, til Hópkaupa óskaði Neytendastofa eftir samræmisfirlýsingu auk þess sem aðilunum var tilkynnt að Póst- og fjarskiptastofnun myndi fara yfir þau gögn sem hefðu borist frá fyrirtækinu.

Með tölvupósti, dags. 4. október 2018, frá Póst- og fjarskiptastofnun var Neytendastofa upplýst um að bæði úrið og umbúðir þess væru merkt með CE-merkingu, sem væri mjög smá aftan á úrinu og óljóst væri um gildi hennar vegna ófullnægjandi skjala.

Þann 17. október sendi Neytendastofa snjallúrið til Syndis, ráðgjafafyrirtækis í upplýsingaröryggi, til nánari skoðunar og prófunar á öryggisvirkni úranna.

Með bréfi, dags. 23. október, óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir samræmisfirlýsingu ásamt tæknilegum upplýsingum um þráðlausa virkni úranna og eintaki af tæknilegum prófunum. Þann 7. nóvember 2018 sendi Póst- og fjarskiptastofnun ítrekun með tölvupósti. Ekki bárust fullnægjandi gögn.

3.

Þann 21. nóvember 2018 lagði Neytendastofa tímabundið sölubann á ENOX Safe-Kid-One krakka snjallúr, þar sem ekki höfðu borist fullnægjandi gögn sem sýndu fram á að snjallúrið væri öruggt.

Í bréfinu kemur fram að prófun á ENOX snjallúrinu sýni að krakka snjallúrið ENOX Safe-Kid-One frá ENOX Group sé ekki framleitt í samræmi við kröfur. Við nánari skoðun á snjallúrinu kom í ljós að það uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru til vörunnar. Þannig eru gögnin ekki dulkóðuð svo dæmi sé tekið, auðvelt er fyrir aðila að brjótast inn í úrin (hakka sig inn) og gögnin sem þar eru varðveitt og þar með sjá allar upplýsingar sem úrið safnar, auk þess sem hægt er að breyta t.d. vistuðum símanúmerum. Getur slíkt ógnað öryggi barna. Þá eru jafnframt engir skilmálar þar sem fram koma upplýsingar um t.a.m. hvar gögnin eru vistuð, né hvernig á að eyða gögnum. Með bréfinu fylgdi samantekt af öryggisgöllum í snjallúrinu. Gefinn var tveggja vikna frestur til að koma með athugasemdir.

Engin frekari gögn hafa borist vegna málsins.

4.

Neytendastofa fékk skýrslu frá Syndis, þann 22. nóvember 2018, þar sem fram kom að fundist hefðu alvarlegir öryggisgalla í Enox úrunum. Í skýrslu þeirra sem gerð var á ensku og send til Neytendastofu kemur m.a. fram í samantekt, fyrst í íslenskri þýðingu Neytendastofu en svo á frummáli skýrslunnar (ensku), en við misræmi í þýðingu gildir hinn enski texti úttektaraðilans:

„Fjarviðmót sem fylgir Enox var ekki dulkóðað gagnvart bakenda á miðlaranum. Þegar að miðlarinn var skoðaður fann Syndis að staðsetningarsaga, símanúmer,



raðnúmer og aðrar viðkvæmar persónuupplýsingar í áætluðum fjölda tækja sem skipta þúsundum er hægt að hlaða niður án nokkurrar auðkenningar. Ennfremur þá leyfir bakenda miðlarinn notendum sem ekki eru auðkenndir að sjá, breyta númerum sem er leyfilegt að hringja í, slökkva á úrinu, o.s.frv. Kjarni málsins er að miðlarinn leyfir öllum sem eru tengdir við internet að taka að sér fulla stjórn yfir úrunum.

Auk þess, í gegnum bakenda miðlarans, getur illgjarn aðili sent inn skipun á hvaða öryggisúr sem er og látið það hringja í það símanúmer sem hann velur. Þannig getur árársaðilinn kveikt á úrinu og horft inn í og hlustað á tækið. Í slíkri árás væri einnig hægt að nota símann til þess að framkvæma svik með því að láta úrin hringja í símanúmer sem eru í hæsta gjaldflokki. Þessa árás er hægt að gera án nokkurrar vitneskju hjá þeim sem ber úrið eða forráðamanni hans (hennar) þar sem að úrið sjálft sýnir ekki á nokkurn hátt að verið er að hringja og notendaviðmót forráðamannsins sýnir það ekki heldur.

Öryggisstig og persónuvernd sem þetta úr veitir er því hvernig sem á það er litið óviðunandi. Neytendur og notendur á þessum úrum hafa engin úrræði til þess að takmarka áhættu sína af því að gögn þeirra séu aðgengileg eða verjast árás.

Miðlari í bakenda veitir opinn aðgang til að fletta upp einka- og persónuupplýsingum um notanda og einnig til þess að hægt er að yfirtaka stjórnun á tækjum notandans. Jafnvel eftir að hætt er notkun á úrinu þá er staðsetningarsaga úrsins að fullu aðgengileg á miðlaranum. Fjarviðmótið lýsir ekki eða sýnir neina leið til þess að unnt sé að eyða út upplýsingum um notanda.”

Enskur texti:

„The mobile application accompanying the Enox watch was found to have unencrypted communications with its backend server. When the server was inspected, Syndis discovered that the location history, phone numbers, serial numbers, and other private data of an estimated thousands of devices can be downloaded without any authentication. Furthermore, the backend server allows unauthenticated users to, for any watch, change the numbers allowed to call the watch, shut down the watch, etc. In essence, the server grants anyone with an internet connection full control over all watches.

In addition to that, through the backend server, a malicious user can send a command to any watch making it call a number of his choosing. With this, the attacker can turn the watch into a listening device . The attack could also be used to commit phone fraud, by making watches dial premium-rate phone numbers. This attack can be carried out without alerting the wearer of the watch or the guardian, as the watch shows no indication of a call being in progress and neither does the guardian's mobile application.



The level of security and privacy provided by this watch is, by any measure, unacceptable. The users of these watches have no available measures to mitigate the risk of data exposure or attacks. The backend server gives open access for browsing user's private and personally identifiable data as well as controlling the users' devices. Even after use of the watch has been ceased, the location history of the watch is still available on the server. The mobile application provides no documented way of deleting users' data.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar öryggi snjallúra ætluð börnum sem seld voru hjá Hópkaupum. Neytendastofu bárust ábendingar um að úrin væru ekki í samræmi við framleiðslukröfur. Ákveðið var að taka til meðferðar mál vegna öryggis snjallúranna og fá til samstarfs við rannsókn málsins Póst-og fjarskiptastofnun og Persónuvernd. Neytendastofa fékk Syndis tölvufyrirtæki til að athuga snjallúrin nánar og prófa öryggi vörunnar. Við skoðun og prófun reyndust snjallúrin ekki í samræmi við kröfur og talin geta ógnað öryggi barna.

2.

Um eftirlit Neytendastofu segir m.a. í 11. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu:

„Neytendastofa og viðeigandi eftirlitsstjórnvöld skulu hafa eftirlit með því að vörur á markaði hverju sinni uppfylli settar reglur um öryggi.

Neytendastofa og önnur eftirlitsstjórnvöld fara með opinbera markaðsgæslu í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. laga þessara og taka stjórnvaldsákvæðanir í samræmi við IV. og V. kafla laga þessara um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda, svo og ákvæði sérlaga eftir því sem við getur átt.“

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

“Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“



Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

- 1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*
- 2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*
- 3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*
- 4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“*

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“

Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna segir að fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.



Þá segir í 9. gr. laganna að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða ef þeim eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Þar kemur fram í a. og b. lið:

*„a. eðli vöru eða þjónustu, eða hvort varan sé til eða þjónustan sé fyrir hendi.
b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar“*

3.

Í 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 134/1995 segir hlutverk Neytendastofu sé að samhæfa aðgerðir eftirlitsstjórnvalda ef eiginleikar vöru eða vöruflökks eru slíkir að ábyrgð á markaðseftirliti sé í höndum fleiri en eins eftirlitsstjórnvalds. Á þeim grundvelli var haft samstarf við Póst-og fjarskiptastofnun og Persónuvernd. Í 5. tölul. segir jafnframt að hlutverk Neytendastofu sé að taka stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við ákvæði laganna, sbr. og IV. og V. kafla þessara laga um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda.

Auk þess segir í 7. tölul. 14. gr. að hlutverk Neytendastofu sé að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem lög þessi taka til ef nauðsyn ber til og annast samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA og önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, svo og vera tengiliður við RAPEX-tilkynningakerfi framkvæmdastjórnar ESB um hættulegar vörur á markaði.

Áfesting CE-merkisins er staðfesting framleiðanda á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum. Um markaðseftirlit og CE-merkið gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. sbr. og reglugerð nr. 957/2006 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu.

Samkvæmt 61. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, skulu snjallúr sem boðin eru fram á markaði hér á landi vera CE-merkt.

Í 65. gr. laga nr. 81/2003, er kveðið á um samræmi búnaðar og er þar mælt fyrir um að óheimilt sé að setja á markað eða bjóða á markaði annan þráðlausan fjarskiptabúnað en þann sem uppfyllir grunnkröfur 61. gr. og hafi CE-merkingu, á grundvelli samræmismats, því til staðfestingar, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Þá er skv. 2. mgr. 65. gr. óheimilt að taka þráðlausan fjarskiptabúnað í notkun nema notkun hans sé í samræmi við fyrirhugaðan tilgang hans, uppfylli grunnkröfur 61. gr. og hafi CE-merkingu, á grundvelli samræmismats, því til staðfestingar. Í 65. gr. a. laganna er tiltekið að framleiðendum beri að útbúa tæknigögn. Þá skuli framleiðendur þráðlauss búnaðar skv. 11. mgr. ákvæðisins tryggja að þráðlaus



fjarskiptabúnaður sem þeir setja á markað fullnægi grunnkröfum 61. gr. og hafi CE-merkingu, á grundvelli samræmismats, því til staðfestingar. Framleiðendur bera enn fremur ábyrgð á því að framkvæmt sé samræmismat fyrir þráðlausa fjarskiptabúnaðinn. Þá skal framleiðandi þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem settur er á markað hér á landi, tryggja að honum fylgi upplýsingar fyrir notendur á íslensku um tilætlaða notkun, helstu eiginleika og öryggismál. Skulu jafnframt fylgja upplýsingar um framleiðslunúmer, nafn framleiðanda og skráð viðskiptaheiti hans eða vörumerki.

Þá er skýrt kveðið á um að dreifingaraðilar skuli gæta þess vandlega, þegar þeir bjóða fram þráðlausan fjarskiptabúnað á markaði, að hann sé í samræmi við grunnkröfur og hafi CE-merkingu því til staðfestingar. Dreifingaraðila ber að gæta þess að með búnaðinum fylgi þau gögn sem framleiðanda ber að láta fylgja, sbr. 1. mgr.

Í 2. mgr. 24. gr. laga nr. 134/1995, segir m.a.

„Framleiðandi eða fulltrúi hans ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Framleiðandi eða fulltrúi hans greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðanda eða fulltrúa hans er heimilt að annast tilkynningar til almennings enda sé framkvæmd tilkynningar með þeim hætti að eðlilegum varnaðaráhrifum verði náð.“

4.

Neytendastofa hefur kannað öryggi ENOX snjallúra sem markaðssett voru af Hópkaup.

Í 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 134/1995 hefur Neytendastofa það hlutverk að samhæfa aðgerðir eftirlitsstjórnvalda ef eiginleikar vöru eða vöruflokks eru slíkir að ábyrgð á markaðseftirliti sé í höndum fleiri en eins eftirlitsstjórnvalds. Við upphaf rannsóknar Neytendastofu á snjallúrinu var nánar afmarkað hvaða eftirlitsstjórnvöld hefðu aðkomu að Snjallúrið ENOX og varð niðurstaðan sú að afmarka könnun á úrinu við almennt öryggi þeirra út frá öryggi fjarskiptanna og geymslu og meðferð persónuupplýsinga. Með hliðsjón af framangreindu var efnt til samstarfs við hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld, þ.e. Póst-og fjarskiptastofnun og Persónuvernd. Jafnframt var ákveðið að Neytendastofa myndi hafa forræði málsins gagnvart málsaðilum þar sem um er að ræða s.n. almenna vöru (snjallúr) sem falla undir gildissvið laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit sem Neytendastofa hefur eftirlit með, sbr. einnig áður nefnda 4. mgr. 14. gr. laganna.

Fjarskipti úranna falla undir lög nr. 81/2003, um fjarskipti sem eru á forræði Póst- og fjarskiptastofnunar og meðferð persónuupplýsinga lög nr. 27/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem heyra undir eftirlit Persónuverndar. Neytendastofa annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu og hefur heimild taka stjórnvaldsákvæðanir í



samræmi við IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um málsmeðferð og réttarúræði eftirlitsstjórnvalda, á grundvelli 2. og 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna.

Tækið sem um ræðir er snjallúr sem markaðssett er fyrir börn, sem er sérstaklega viðkvæmur neytendahópur. Í ljósi skýrslu frá Syndis er það mat Neytendastofu og m.a staðfest af sérfræðingum hjá Póst- og fjarskiptastofnun að gögn sem lögð hafi verið fram hafi ekki tryggt sönnun á því að úrið uppfylli lágmarks grunnkröfur samkvæmt gildandi reglum um fjarskiptatæki og geti þar með ekki talist öruggt. Grundvallast niðurstaða Neytendastofu á því að gögn úrsins séu ekki dulkóðuð, auðvelt væri fyrir aðila að brjótast inn inn í gögnin (hakka sig inn) og þar með sjá allar upplýsingar sem úrið safnaði, auk þess sem hægt er að breyta t.d. vistuðum símanúmerum. Jafnframt tryggir framleiðandi ekki með fullnægjandi hætti aðgangstakmarkanir að persónuupplýsingum notanda. Framangreindur öryggisgalli felur í sér alvarlega hættu að mati Neytendastofu og getur hann ógnað öryggi barna.

Það er því mat Neytendastofu, með vísan til framangreindra forsendna, að Enox snjallúr geti ekki talist örugg vara, sbr. 1. mgr. 8. mgr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, þar sem það uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru til slíkra vara, sbr. ákvæði 65. gr. og 65. gr. a laga nr. 81/2003. Því telur Neytendastofa nauðsynlegt með vísan til 1. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, sbr. 21. gr., sbr. 1., 4. og 5. tölul. 14. gr. sömu laga leggja þá skyldu á Hópkaup að afturkalla af markaði öll ENOX-KID-One snjallúr frá ENOX. Með vísan til sömu ákvæða leggur Neytendastofa bann við allri sölu og afhendingu umræddra ENOX krakkasnjallúra.

Markaðssetning, sala og afhending snjallúrsins, er þar með óheimil skv. 2. gr. laga nr. 134/1995.

Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 134/1995 á framleiðandi eða fulltrúi hans að greiða allan þann kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Neytendastofa fer fram á að Hópkaup birti fréttatilkynningu þess efnis til neytenda til þess að tryggja öryggi þeirra sem nota ofangreinda vöru og til þess að eðlilegum varnaðaráhrifum sé náð. Jafnframt mun Neytendastofa gera kröfu um greiðslu áfallins kostnaðar vegna rannsókna og prófunar sem gerð var í því skyni að kanna öryggi Enox snjallúranna.

Afturköllun, afhendingarbann og sölubann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu má búast við tekin verði ákvörðun um dagsektir á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995.

Neytendastofa mun upplýsa framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hér á landi í samræmi við reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Fara upplýsingaskiptin fram með tilkynningu í tilkynningarkerfi um hættulegar vörur (e. Safety Gate).



Nánari lýsingar á eiginleikum vörunnar er að finna á umbúðum vörunnar en þær yfirlýsingar sem eru gefnar á umbúðum hennar falla undir ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Framangreindar upplýsingar eru samhljóða á tveimur tungumálum þ.e. ensku og þýsku. Í þessari ákvörðun er stuðst við efni og framsetningu upplýsinga á umbúðunum sem eru veittar á ensku. Á Íslandi gildir að mikill meirihluta vöru á markaði er oft innflutningur þar sem að ekki eru öll atriði þýdd og umbúðir eru þó oftast en ekki á ensku sem er skiljanlegt meirihluta íslenskra neytenda sem þannig taka oft ákvarðanir um kaup á vörum á grundvelli upplýsinga á umbúðum.

Nafn öryggisúra sem hér um ræðir eru ENOX Safe –KID-One úr. Nánar er svo lýst á umbúðum helstu eiginleikum vörunnar, meðal annars í eftirfarandi yfirlýsingum sem þar eru settar fram:

„Only pre-listed Parties can call the Kid“ eða aðeins forskráðir aðilar geta hringt í úrið (barnið).

„You can draw up a „geographical fence“ around the Kid, and if it leaves this Area you will immediately be Notified/Warned“ eða „Unnt er að teikna upp „afmarkaða girðingu um landsvæði“ umhverfis úrið (barnið) og ef það fer út fyrir það svæði þá mun þú samstundis fá tilkynningu/viðvörðun“.

Í framangreindum yfirlýsingum um vöruna er verið að lýsa jafnt eiginleikum og ýmsum atriðum er varða öryggisþætti úranna samkvæmt gildandi öryggiskröfum sem gera verður til vörunnar, sbr. umfjöllun undir lið nr. 4 hér að framan og niðurstöður úttektar af hálfu Neytendastofu. Með hliðsjón af prófun og skoðun Neytendastofu á öryggi ENOX-KID-One Safe snjallúranna þá telur stofnunin að framangreindar fullyrðingar til þess fallnar að vera brot á 9. gr. laga nr. 57/2005. Sá þáttur málsins verður þó ekki tekinn til ákvörðunar í máli þessu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Hópkaup (Wedo ehf) , Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, er með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21.gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, gert að afturkalla af markaði ENOX-KID-One snjallúr frá ENOX.

Með vísan til sömu ákvæða leggur Neytendastofa bann við allri sölu og afhendingu umræddra ENOX krakkasnjallúra. Bann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.



Á grundvelli 24. gr. laga nr. 134/1995 fer Neytendastofa fram á að Hópkaup birti fréttatilkynningu um innköllunina til þess að eðlilegum varnaðaráhrifum sé náð. Jafnframt með vísan til 2. mgr. 24. gr. skal Hópkaup greiða Neytendastofu kostnað vegna prófunar vörunnar með endurkröfurétti á framleiðanda í samræmi við almennar reglur kröfuréttar.“

Neytendastofa, 19. desember 2018

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir

FYLGISKJAL. Mynd af ENOX-KID-One snjallúr.



FYLGISKJAL

ENOX Safe-KID-One

High Tech Smartwatch mit SIM/GPS für Kinder für mehr Sicherheit

Sie können jederzeit und überall ein Auge auf Ihr Kind haben und es kontaktieren

- Ein traditionelles, analoges Zifferblatt verleiht die High Tech-Konstruktion
- Eingebaute Micro SIM-Karte
- Eingebaute GPS-Funktion mit weltweitem Karten-Zugriff
- Seiko Uhrwerk
- Laden Sie eine APP auf Ihr Smartphone (QR-Code im Benutzerhandbuch), und so können Sie Ihr Kind lokalisieren und ihm auf einer GPS-Karte auf Ihrem Smartphone folgen – fast auf den Meter genau
- Sie können den Weg Ihres Kindes in den letzten 30 oder 60 Minuten etc. nachvollziehen, indem Sie die Route aufnehmen und wieder abspielen
- Die Uhr funktioniert mit Apple- und Android-Smart phones



smart watches wireless communication

enox.
enjoy life

ENOX Safe-KID-One

A High Tech SIM/GPS Safety and Surveillance Smart Watch for Kids

You can Keep an Eye on... Talk to and Watch over your Kid Everywhere and All the Time

- Traditional Analogue Watch Face to Hide away the High Tech Construction
- Built-in Micro Size SIM Card
- Built-in GPS Function with World-wide Map Application
- Seiko Watch Mechanism
- Through downloading of an APP in your Smartphone (QR Code included in the User Manual), you can locate and follow your Kid – almost to the Meter – on a GPS Map in your Smartphone
- You can, also, follow the Route of your Kid the last 30 Minutes, 60 Minutes etc, through Recording and Playback of Movements
- The Watch supports both Apple and Android Smartphones



smart watches wireless communication

enox.
enjoy life

ENOX Safe-KID-One

High Tech Smartwatch mit SIM/GPS für Kinder für mehr Sicherheit

A High Tech SIM/GPS Safety and Surveillance Smart Watch for Kids

Blue




Ole Anton Bieltvedt, Gründer und Präsident von ENOX, zusammen mit seinem Hund Drama-Dis, einem Fila Brasileiro.
Ole Anton Bieltvedt, Founder and President of ENOX, together with his Fila Brasileiro, Dog, Drama-Dis.

TO18FEB100940





4 260088 660947

CE RoHS

We reserve ourselves the Right to change Specifications and Design without Prior Notice.
Manufactured in China according to the high German Quality Standards of ENOX, Hamburg/Germany

ENOX Safe-KID-One

- The Kid has 3 One-Click Phone Call Buttons; E.g. for Mum, Dad and Grandma
- Furthermore, it has a SOS Button on the Watch, which does, by One Click for 3 Seconds, Call or Text all 3 Parties
- Only pre-listed Parties can call the Kid
- You can draw up a "Geographical Fence" around the Kid, and, if it leaves this Area, you will immediately be Notified/Warned
- Built-in Speaker and Mic
- Magnetic Re-charge of Watch
- Standby Time 120 Hours
- Water Resistant Construction according Standard IP54

Available in blue or pink